

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900 Fax 460-8919
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



ÞARFAGREINING

Greining á þörf fyrir starfsmenntun á Eyjafjarðarsvæðinu

Apríl 2013

Hjördís Sigursteinsdóttir

Hjalti Jóhannesson

Verknúmer: R12045SKO

© RHA-Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri 2013

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-04-2013

L-ISSN-1670-8873

Skýrsla unnin fyrir
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	1
2.	AÐFERÐAFRÆÐI	2
3.	KÖNNUN MEÐAL ALMENNINGS – HELSTU NIÐURSTÖÐUR	3
3.1.	ALMENNAR UPPLÝSINGAR.....	3
3.2.	SÍ- OG ENDURMENNTUN	4
3.3.	NÁMSFRAMBOÐ Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU.....	5
3.3.1.	FJÖLBREYTILEIKI NÁMSFRAMBOÐSINS	5
3.3.2.	UPPFYLLA ÞARFIR	5
3.3.3.	MÖGULEIKAR Á AÐ SKIPTA UM STARF EÐA FARA AFTUR Í STARF	5
3.4.	HUGSANLEGT NÁM.....	6
3.4.1.	HVERNIG NÁMI MYNDIR ÞÚ HELST Hafa ÁHUGA Á?.....	6
3.4.2.	NÁMSFYRIRKOMULAG.....	8
3.5.	SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐ EYJAFJARÐAR	12
3.5.1.	HEFUR ÞÚ SÓTT NÁM EÐA NÁMSKEIÐ HJÁ SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐ EYJAFJARÐAR?	12
3.5.2.	HVERNIG NÁMSKEIÐ HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ SÆKJA HJÁ SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐ EYJAFJARÐAR?	13
3.6.	VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI.....	16
3.6.1.	HEFUR ÞÚ STUNDAÐ NÁM EÐA NÁMSKEIÐ VIÐ VERKMENNTASKÓLANN Á AKUREYRI?	16
3.6.2.	HVAÐA NÁMSLEIÐUM MYNDIR ÞÚ Hafa ÁHUGA Á?.....	17
3.7.	ÝMSAR ATHUGASEMDIR	18
4.	KÖNNUN MEÐAL FYRIRTÆKJA – HELSTU NIÐURSTÖÐUR	19
4.1.	ALMENNAR UPPLÝSINGAR.....	19
4.2.	NÁMSFRAMBOÐ Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU.....	20
4.2.1.	HVERNIG MYNDIR ÞÚ META FJÖLBREYTILEIKA NÁMSFRAMBOÐS Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU FYRIR ÞÍNA STARFSMENN?	20
4.2.2.	HVERNIG MYNDIR ÞÚ TELJA AÐ NÁMSFRAMBOÐ Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU KOMI TIL MÓTS VIÐ ÞARFIR STARFSMANNA ÞINNA?	20
4.2.3.	HVERNIG MYNDIR ÞÚ META FRAMBOÐ Á STARFSNÁMI, SÉRÞJÁLFUN EÐA HAGNÝTUM NÁMSKEIÐUM Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU?	20
4.3.	ÁHUGI FYRIRTÆKJA TIL AÐ HVETJA STARFSFÓLK TIL AÐ SÆKJA NÁM/NÁMSKEIÐ.....	22
4.3.1.	MYNDIR ÞÚ HVETJA ÞITT STARFSFÓLK TIL AÐ FARA Í STARFSNÁM SEM VEITIR RÉTTINDI Á VINNUMARKAÐI?	22
4.3.1.	MYNDIR ÞÚ HVETJA ÞITT STARFSFÓLK TIL AÐ FARA Í SÉRÞJÁLFUN TIL TILTEKINNA STARFA EÐA IÐNGREINAR?	23
4.3.1.	MYNDIR ÞÚ HVETJA ÞITT STARFSFÓLK TIL ÞÁTTTÖKU Í STUTTUM HAGNÝTUM NÁMSKEIÐUM Á TILTEKNUM SVIÐUM?.....	23
5.	VIÐAUKAR.....	24

MYNDIR

MYND 1. FLOKKAÐUR ALDUR ÞÁTTTAKENDA.....	3
MYND 2. FLOKKUÐ MENNTUN ÞÁTTTAKENDA.....	3
MYND 3. FLOKKUÐ ATVINNUGREIN ÞÁTTTAKENDA.....	4
MYND 4. SÍ- OG ENDURMENNTUN ÞÁTTTAKENDA. GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN	4
MYND 5. EF Í BOÐI VÆRI NÁM/NÁMSKEIÐ EÐA ÖNNUR ÞJÁLFUN HÉR Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU SEM GÆFI MÖGULEIKA Á AÐ SKIPTA UM STARF EÐA AÐ KOMAST AFTUR Á VINNUMARKAÐINN, HEFIR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ NÝTA ÞÉR ÞAÐ? GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	6
MYND 6. HVERNIG NÁMI MYNDIR ÞÚ HELST Hafa ÁHUGA Á? GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	7
MYND 7. ÉG MYNDI VILJA Hafa VERKLEGA KENNSLU. GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	8
MYND 8. ÉG MYNDI VILJA Hafa KVÖLD- OG HELGARNÁMSKEIÐ. GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	9
MYND 9. ÉG MYNDI VILJA Hafa FYRIRLESTRA. GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	9
MYND 10. ÉG MYNDI VILJA Hafa FJARNÁM. GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	10
MYND 11. ÉG MYNDI VILJA Hafa NÁM Í KENNSLUSTOFU. GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	10
MYND 12. ÉG MYNDI VILJA Hafa LOTUNÁM. GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	11
MYND 13. ÉG MYNDI VILJA Hafa VINNUSTAÐANÁM. GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	12
MYND 14. ÉG MYNDI VILJA Hafa BÓKNÁM. GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	12
MYND 15. HEFUR ÞÚ SÓTT NÁM EÐA NÁMSKEIÐ HJÁ SÍMENNTUNARMIDSTÖÐ EYJAFJARÐAR. GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	13
MYND 16. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ SÆKJA TÖLVUNÁMSKEIÐ HJÁ SÍMEY? GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	14
MYND 17. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ SÆKJA TUNGUMÁLANÁMSKEIÐ HJÁ SÍMEY? GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	14
MYND 18. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STUNDA TÓMSTUNDANÁMSKEIÐ HJÁ SÍMEY? GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	15
MYND 19. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STUNDA NÁMSKEIÐ UM PERSÓNULEGA HÆFNI HJÁ SÍMEY? GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	15
MYND 20. HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STUNDA NÁMSKEIÐ UM ALMENNA ÞEKINGU HJÁ SÍMEY? GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	16

MYND 21. HEFUR ÞÚ STUNDAÐ NÁM EÐA NÁMSKEIÐ VIÐ VERKMENNTASKÓLANN Á AKUREYRI? GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.....	17
MYND 22. HVAÐA NÁMSLEIÐ MYNDIR ÞÚ HAFA ÁHUGA Á? GREINT EFTIR KYNI, ALDRI, MENNTUN OG ATVINNUGREIN.	18
MYND 23. SKIPTING EFTIR ATVINNUGREINUM.	19
MYND 24. FLOKKAÐUR STARFSMANNAFJÖLDI FYRIRTÆKJA Í KÖNNUNINNI	19
MYND 25. MAT Á FRAMBOÐI Á STARFSNÁMI SEM VEITIR RÉTTINDI Á VINNUMARKAÐI. GREINT EFTIR ATVINNUGREIN OG STARFSMANNAFJÖLDA.	21
MYND 26. MAT Á FRAMBOÐI Á SÉRÞJÁLFUN TIL TILTEKINS STARFS EÐA IÐNGREINAR. GREINT EFTIR ATVINNUGREIN OG STARFSMANNAFJÖLDA.	21
MYND 27. MAT Á FRAMBOÐI Á STUTTUM HAGNÝTUM NÁMSKEIÐUM Á TILTEKNUM SVIÐUM. GREINT EFTIR STARFSGREIN OG STARFSMANNAFJÖLDA.....	22
MYND 28. MYNDIR ÞÚ HVETJA ÞITT STARFSFÓLK TIL AÐ FARA Í STARFSNÁM SEM VEITIR RÉTTINDI Á VINNUMARKAÐI? GREINT EFTIR ATVINNUGREIN OG STARFSMANNAFJÖLDA.	22
MYND 29. MYNDIR ÞÚ HVETJA ÞITT STARFSFÓLK TIL AÐ FARA Í SÉRÞJÁLFUN TIL TILTEKINNA STARFA EÐA IÐNGREINAR? GREINT EFTIR ATVINNUGREIN OG STARFSMANNAFJÖLDA.	23

1. INNGANGUR

Í verkefni þessu var unnin þarfagreining fyrir SÍMEY vegna starfsmenntunar á Eyjafjarðarsvæðinu. Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) vann verkefnið fyrir SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar en framkvæmt var fyrir styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Aðrir samstarfsaðilar í verkefninu voru Vinnumálastofnun Norðurlandi eystra, VMA-Verkmenntaskólinn á Akureyri og Eining Iðja Stéttarfélag.

Framkvæmd var annars vegar netkönnun meðal fólks sem SÍMEY og samstarfsaðilar höfðu á sínum skrá og sem töldust vera í markhópi fyrir þessa þarfagreiningu. Hins vegar var framkvæmd könnun meðal forsvarsmanna fyrirtækja á Eyjafjarðarsvæðinu um þarfir þeirra hvað starfsmenntun og fleira því tengt varðar.

Í þessari skýrslu eru dregnar saman og túlkaðar á hnitmiðaðan hátt helstu niðurstöður þessara tveggja kannana. Einnig eru niðurstöður birtar í töflum og myndum.

Skýrsluhöfundar eru Hjördís Sigursteinsdóttir og Hjalti Jóhannesson, samstarfsaðilar þeirra hjá SÍMEY voru Valgeir Magnússon, Erla Björg Guðmundsdóttir og Hildur Betty Kristjánsdóttir. Er ágætt samstarf við þau hér með þakkað. Þá þökkum við öllum þeim sem þátt tóku í könnuninni fyrir þeirra mikilvæga framlag.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Netkönnun meðal almennings var lögð fyrir fólk sem var með skráð netfang á listum hjá Dalvíkurbyggð, Einingu lðju Stéttarfélagi, Félagi verslunar og skrifstofufólks á Akureyri, Fjallabyggð, Kili stéttarfélagi í almannaþjónustu, SÍMEY og Vinnumálastofnun á Norðurlandi eystra. Um var að ræða þýðiskönnun. Þátttakendur fengu beiðni í tölvupósti um að svara spurningalistanum og var öllum frjálst að hafna þátttöku. Sendar voru þrjár ítrekanir á þátttakendur og var könnunin í gangi dagana 7. febrúar til 22. mars. Sum netfanganna reyndust ekki virk lengur en alls fór könnunin til 3.120 einstaklinga sem voru í markhópi könnunarinnar. Það voru 1.669 einstaklingar sem svöruðu könnuninni eða 53,5% þýðisins.

Netkönnun meðal stjórnenda var lögð fyrir félagsmenn í Samtökum atvinnurekenda á Akureyri (SATA) sem voru með þekkt netfang og fyrirtæki með þekkt netfang á lista frá atvinnufulltrúa Akureyrarbæjar. Hér var einnig um að ræða þýðiskönnun þar sem beiðni var send í tölvupóstum um þátttöku í könnuninni. Könnunin fór fram dagana 25. febrúar til 22. mars. Spurningalistinn var sendur til 137 fyrirtækja/einyrkja og fengust 67 svör eftir þrjár ítrekanir (48,9%).

Tengiliðir hjá SÍMEY sáu um að útvega netfangalistana.


Niðurstöður spurningalistanna eru settar fram í töflum og myndum ásamt stuttum túlkunum. Svörin úr einstaklingskönnuninni voru greind eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein en svörin úr fyrirtækjakönnuninni voru greind eftir atvinnugrein og starfsmannafjölda.

3. KÖNNUN MEÐAL ALMENNINGS – HELSTU NIÐURSTÖÐUR

3.1. Almennar upplýsingar


Spurt var um kyn, aldur, búsetu, menntun, stöðu á vinnumarkaði og atvinnugrein.

Um 68% svarenda voru konur og um 32% karlar. 70 þátttakendur slepptu því að merkja við kyn. Aldur þátttakenda spannaði 67 ár og var sá elsti 85 ára og sá yngsti 18 ára. 165 þátttakendur skráðu ekki fæðingarár sitt. Aldur var flokkaður niður í fjóra flokka; (1) 30 ára og yngri, (2) 31-45 ára, (3) 46-60 ára og (4) 61 árs og eldri. Eftir þessari flokkaskiptingu voru síðan niðurstöður skoðaðar.




Mynd 1. Flokkaður aldur þátttakenda.

Í langflestum tilvikum voru þátttakendur búsettir á Akureyri eða tæp 74% sem er reyndar sama hlutfall og íbúar Akureyrar eru sem hlutfall af íbúum Eyjafjarðarsvæðisins. Af öðrum sveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu er helst að nefna Dalvíkurbyggð en þaðan komu rúm 11% þátttakenda og tæp 7% úr Fjallabyggð. Um 35% þátttakenda hafa lokið grunnskólaprófi eða landsprófi, um 23% hafa lokið styttra starfsnámi eða iðnnámi, rúm 12% stúdentsprófi og tæp 29% háskólanámi. Það voru 43 þátttakendur sem tiltóku ekki menntun sína. Menntun var flokkuð í fernt til að skoða niðurstöður spurninga eftir; (1) Grunnskólapróf og landspróf, (2) starfsnám og iðnnám, (3) stúdentspróf og (4) háskólapróf.



Mynd 2. Flokkuð menntun þátttakenda

Um 74% þátttakendanna voru í vinnu og rúm 10% í atvinnuleit. Langflestir starfa í opinberri þjónustu (31%), 15% í fræðslustarfi og 13% við verslun og þjónustu. Atvinnugrein, bæði núverandi atvinna og atvinna sem þátttakendur voru síðast starfandi í, var flokkuð í fimm flokka til að skoða niðurstöður spurninga eftir; (1) Matvælaframleiðsla, landbúnaður og sjávarútvegur, (2) Iðnaður og veitur, (3) verslun og þjónusta, (4) opinber þjónusta og (5) fræðslustarfsemi, menningar og íþróttastarfsemi.




Mynd 3. Flokkuð atvinnugrein þátttakenda

Sjá nánar myndir og tölur í viðauka 1. bls. 1-7.

3.2. Sí- og endurmenntun

Spurt var um hversu miklum tíma þátttakendur hafa varið í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum. Algengast var að þátttakendur hafi varið 20 klst. eða meira í sí- og endurmenntun á þessum tíma.



Mynd 4. Sí- og endurmenntun þátttakenda. Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein

Um þriðjungur þátttakenda hafði ekki varið neinum tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum. Helstu ástæður sem nefndar voru fyrir því eru að þátttakendur hafi ekki efni á að greiða fyrir slík námskeið (29%), það sé ekkert í boði sem þeir hafi áhuga á á svæðinu (28%) og að ekki sé tími til að sækja slík námskeið (25%). Sjá nánar viðauka 1, bls. 9. Um 13% svarenda nefndu aðrar ástæður en þær sem gefnar voru upp fyrirfram, þau svör má sjá eins og þau komu fyrir í viðauka 2, bls 1-2.

3.3. Námsframboð á Eyjafjarðarsvæðinu

3.3.1. Fjölbreytileiki námsframboðsins

Spurt var um hvernig þátttakendur meta fjölbreytileika námsframboðs á Eyjafjarðarsvæðinu. Almennt séð má segja að þátttakendur meta hana mjög góða. Rúmlega 72% þátttakenda gáfu námsframboðinu 6 eða hærrí einkunn af 10 mögulegum. Hlutfallslega flestir gáfu því einkunnina 8 (27,4%) og 22,3% gáfu einkunnina 7. Sjá nánar viðauka 1 bls. 10.

Þeir sem gáfu námsframboði á Eyjafjarðarsvæðinu einkunnina 5 eða lægra voru spurðir nánar út í það hvað þeim finnst aðallega vanta. Margir þátttakendur svöruðu þeirri spurningu og þar kom m.a. fram að fólk vildi sjá aukna fjölbreytni, þá var talsvert um að nefnt væri verknám og nám tengt tölvunotkun en í raun var afar margt sem þarna kom fram og þarfir greinilega mjög fjölbreytilegar. Jafnframt mátti sjá að þó nokkrir þátttakendur telja sig ekki vita hvað vanti eða hafa ekki kynnt sér hvað er í boði en gefa námsframboðinu samt lága einkunn. Sjá nánar svörin eins og þau komu fyrir í viðauka 2 bls. 2-8.


3.3.2. Uppfylla þarfir

Spurt var um hversu vel eða illa námsframboðið á Eyjafjarðarsvæðinu komi til móts við þarfir þátttakenda. Almennt séð virðist námsframboðið á Eyjafjarðarsvæðinu koma nokkuð vel til móts við þarfir þátttakenda, um fjórðungur þátttakenda gaf einkunnina 4 eða lægra af 10 mögulegum. Algengasta einkunnin var 5 (21,7%) og 17,2% gáfu einkunnina 7 og 15,2% einkunnina 8. Sjá nánar á bls. 11 í viðauka 1.

Þeir sem töldu námsframboðið á Eyjafjarðarsvæðinu koma illa til móts við þarfir sínar (5 og lægri einkunn) voru spurðir áfram hvað þeim finndist aðallega vanta. Margir svöruðu þeirri spurningu og þar kom m.a. fram að fjölbreytni mætti vera meiri, þá er talsvert um að fólk óski eftir námi til að gera því betur fært að sinna sínu starfi eða endurmennta sig innan síns fagsviðs, þá var talsvert um að fólk nefndi nám tengt iðnmenntun og tölvunotkun/tölvufræði. Sjá nánar svörin eins og þau komu fyrir í viðauka 2 bls 8-16.

3.3.3. Möguleikar á að skipta um starf eða fara aftur í starf

Spurt var ef í boði væri nám/námskeið eða önnur þjálfun hér á Eyjafjarðarsvæðinu sem gæfi möguleika á að skipta um starf eða að komast aftur á vinnumarkaðinn, hefðir þú áhuga á því að nýta þér það. Um 52% þátttakenda svöruðu þessari spurningu játandi, rúm 17% svöruðu neitandi og um 31% taldi spurninguna ekki eiga við um sig. Sjá nánar í viðauka 1 bls. 12.




Mynd 5. Ef í boði væri nám/námskeið eða önnur þjálfun hér á Eyjafjarðarsvæðinu sem gæfi möguleika á að skipta um starf eða að komast aftur á vinnumarkaðinn, hefir þú áhuga á að nýta þér það? Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.

3.4. Hugsanlegt nám

3.4.1. Hvernig námi myndir þú helst hafa áhuga á?

Spurt var um hvernig nám viðkomandi myndi helst hafa áhuga á. Hlutfallslega flestir (35,2%) svöruðu því til að þeir myndu hafa áhuga á námi/námskeiði sem miðar að tilteknu starfssviði eða iðn og tæp 23% höfðu áhuga á starfsnámi sem veitir réttindi á vinnumarkaði á viðkomandi starfssviði. Sjá nánar viðauka 1, bls. 12.



Mynd 6. Hvernig námi myndir þú helst hafa áhuga á? Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein


Spurt var nánar út í hvernig annars konar námsfyrirkomulag viðkomandi væri með í huga. Skemmst er frá því að segja að nám eða námskeið sem miðar að tilteknu starfssviði eða iðn er það sem flestir hafa helst áhuga á og því næst starfsnám sem veitir réttindi á vinnumarkaði á viðkomandi starfssviði og álíka fjöldi hefði áhuga á sérþjálfun til tiltekinna starfa eða iðnar. Sjá nánar svörin eins og þau komu fyrir á bls. 16-20 í viðauka 2.

Einnig var spurt hvaða nám/námskeið eða aðra þjálfun viðkomandi var með í huga. Þátttakendur í matvælaíðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi höfðu áhuga á bæði námi sem tengist þeirra atvinnugreinum, s.s. matvælanámi eða annarri iðnmenntun, þá var nokkuð um nám tengt persónulegri hæfni s.s. bókhaldsnámskeið og tölvunotkun og loks var mikið um að fólk nefndi nám í öðrum geirum atvinnulífsins sem bendir til þess að margir vilji mennta sig til annarra starfa. Þátttakendur í iðnaði og veitum nefndu einnig fjölbreytt nám sem bæði snertir þennan geira atvinnulífsins s.s. boranir, matvælavinnsla, málmsmíði, trefjaplast og solumennsku en einnig var nokkuð um námsóskir sem varða persónulega hæfni og loks námsóskir sem benda til að viðkomandi vilji skipta um atvinnugrein s.s. viðskiptafræði, ferðamálafræði og iðjuþjálfun. Þátttakendur í verslun og þjónustu nefndu margvíslegt nám sem varðar persónuleg samskipti, bókhald, tölvunotkun, tungumál og fleira sem tengist starfsgreininni. Þá var nokkuð um námsóskir sem varða persónulega hæfni s.s.

myndlist, ljósmyndun o.þ.h. og loks um nám sem bendir til þess að hugurinn leitar út fyrir þennan geira s.s. námsóskir um bifvélavirkjun, flugnám, flugvirkjun og ýmiskonar háskólanám. Þátttakendur í opinberri þjónustu nefndu nám á sviði fjármála, tölvunotkun, margmiðlun, málmiðnað, smíðar og ýmsa persónulega hæfni. Einnig var áberandi að margvíslegar háskólagreinar voru nefndar s.s. umönnunargreinar. Þátttakendur á sviði fræðslumála, menningar- og íþróttamála nefndu margir háskólanám á sviði umönnunar og fræðslumála, þá var nefnt sérhæfðara tölvunám, tungumálanám, hönnun og margvíslegt nám um samskipti og stjórnun. Sjá nánar svörin eins og þau komu fyrir á bls. 20-26 í viðauka 2.


3.4.2. Námsfyrirkomulag

Spurt var um hvaða námsfyrirkomulag viðkomandi myndi vilja sjá. Hlutfallslega flestir myndu vilja sjá verklega kennslu eða tæp 43%, um 33% myndu vilja kvöld og helgarnámskeið og 30% myndu vilja sitja fyrirlestra. Síðt myndu þátttakendur vilja vera í bóknámi eða aðeins 12%. Athyglisvert er að skoða niðurstöðu þessarar spurningar í samhengi við fyrri spurningu en áhersla á hagnýtt nám og það sem nýtist í störfum er áberandi. Sjá nánar viðauka 1. bls 13.




Mynd 7. Ég myndi vilja hafa verklega kennslu. Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.

Þegar spurt er um hvort viðkomandi vilji hafa kvöld og helgarnámskeið þá kemur í ljós að aðeins um fjórðungur er því sammála. Það eru helst þeir sem eru þrítugir eða yngri sem eru sammála þessu eða rúmlega þriðjungur og að sama skapi eru þeir fæstir sem eru þessu sammála í elsta aldurshópnum, 61 árs og eldri. Ein atvinnugrein sker sig úr sem er iðnaður og veitur þar sem 37% eru þessu sammála.



Mynd 8. Ég myndi vilja hafa kvöld- og helgarnámskeið. Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.


Fyrirlestraformið virðist ekki hugnast svarendum sérstaklega vel, en aðeins um 23% eru sammála því. Athyglisverður er munur á milli svarenda eftir menntun þar sem áhugi á þessu kennslufyrirkomulagi hríðlækkar með minni menntun þar sem aðeins 17% þeirra sem grunnmenntun hafa eru þessu sammála en hlutfall þeirra sem eru háskólamenntaðir var tvöfalt meira.



Mynd 9. Ég myndi vilja hafa fyrirlestra. Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.


Viðhorf til fjarnáms eftir menntun er mjög svipað og viðhorf til fyrirlestranáms. Hér er athyglisverður munur eftir aldri þar sem þeir elstu eru áberandi minna spenntir fyrir þess háttar námsfyrirkomulagi eða rétt rúmlega einn af hverjum 10 í hópnum 61 árs

og eldri. Líklegt er að þessi niðurstaða úr þessum aldurshópi tengist mismunandi tölvuþekkingu eftir aldri.




Mynd 10. Ég myndi vilja hafa fjarnám. Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.

Þegar spurt var hvort fólk vildi hafa nám í kennslustofu var aðeins einn af hverjum 5 sem var sammála því fyrirkomulagi. Hér er áberandi munur milli aldurshópa þar sem þeir yngri eru hlynntari þessu eða um þriðjungur meðan aðeins rúmlega einn af hverjum 10 í elsta aldurshópnum er þessu sammála. Fólk í þjónustugreinum virðist hugnast þetta námsfyrirkomulag aðeins betur en fólk í öðrum starfsstéttum.




Mynd 11. Ég myndi vilja hafa nám í kennslustofu. Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.

Einn af hverjum fimm hugnast lotunám og er talsverður munur sjáanlegur milli þeirra hópa sem könnunin er greind eftir. Konur eru þannig jákvæðari gagnvart því og þeir sem eru með háskólapróf. Þá má greina mun milli starfsstétta þar sem þeir sem eru í opinberri þjónustu og ýmiskonar fræðslu-, menningar- og íþróttastarfsemi eru jákvæðari.




Mynd 12. Ég myndi vilja hafa lotunám. Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.

Um 18% eru hlynntir vinnustaðanámi og sá munur sem er aðallega sýnilegur milli hópa er sá að yngsta fólkið er áhugasamast um þetta form eða 28% á meðan 16-18% í eldri eldri aldurshópnum eru hlynntir þessu fyrirkomulagi náms.



Mynd 13. Ég myndi vilja hafa vinnustaðanám. Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.

Bóknám nýtur lítillar hylli; aðeins einn af hverjum 10 er hlynntur því en einna helst þó yngsti aldurshópurinn og síst þeir elstu eða aðeins einn af hverjum 20.




Mynd 14. Ég myndi vilja hafa bóknám. Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.

3.5. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

3.5.1. Hefur þú sótt nám eða námskeið hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar?

Spurt var hvort viðkomandi hafi sótt nám eða námskeið hjá Símeý. Rúmlega helmingur þátttakenda eða 58% hafði gert það. Sjá viðauka 1 bls. 13.




Mynd 15. Hefur þú sótt nám eða námskeið hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.


Þeir sem höfðu stundað nám eða námskeið hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar voru spurðir hvernig þeim líkaði það nám eða námskeið. Almennt séð má segja að þeim hafi líkað það mjög vel. Aðeins rúm 9% gáfu náminu eða námskeiðinu einkunnina 5 eða lægra. Algengast var að þátttakendur gæfu einkunnina 8 eða 30,6%, einkunnina 9 gáfu 22,4% og 17, 2% einkunnina 10. Sjá nánar í viðauka 1 bls. 14.

3.5.2. Hvernig námskeið hefur þú áhuga á að sækja hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar?


Þátttakendur voru upplýstir um flokka námskeiða sem Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar býður upp á nám í. Spurt var hvort viðkomandi hafi áhuga á að sækja námskeið í einhverjum af þessum flokkum. Velja mátti fleiri en einn flokk. Hlutfallslega flestir merktu við tölvur eða 51,6% og 48,5% merktu við tungumál. Þátttakendur hafa síst áhuga á námskeiðum um almenna þekkingu eða um 28,5% þátttakenda. Sjá viðauka 1 bls. 14.




Mynd 16. Hefur þú áhuga á að sækja tölvunámskeið hjá SÍMEY? Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.




Mynd 17. Hefur þú áhuga á að sækja tungumálanámskeið hjá SÍMEY? Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.



Mynd 18. Hefur þú áhuga á að stunda tómsundanámskeið hjá SÍMEY? Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.



Mynd 19. Hefur þú áhuga á að stunda námskeið um persónulega hæfni hjá SÍMEY? Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.




Mynd 20. Hefur þú áhuga á að stunda námskeið um almenna þekkingu hjá SÍMEY? Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.

3.6. Verkmenntaskólinn á Akureyri

3.6.1. Hefur þú stundað nám eða námskeið við Verkmenntaskólann á Akureyri?

Spurt var hvort viðkomandi hafi stundað nám eða námskeið við Verkmenntaskólann á Akureyri. Innan við helmingur þátttakenda eða 47,7% hafði gert það. Sjá viðauka 1 bls. 15.




Mynd 21. Hefur þú stundað nám eða námskeið við Verkmenntaskólann á Akureyri? Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.

Þeir sem höfðu stundað nám eða námskeið við Verkmenntaskólann á Akureyri voru spurðir hvernig þeim líkaði það nám eða námskeið. Almennt séð má segja að þeim hafi líkað það vel. Það voru 17% sem gáfu náminu eða námskeiðinu einkunnina 5 eða lægra. Algengast var að þátttakendur gæfu einkunnina 8 eða 29,5%, einkunnina 7 og 9 gáfu 17,6% og 9,6% einkunnina 10. Sjá nánar viðauka 1 bls. 15.

3.6.2. Hvaða námsleiðum myndir þú hafa áhuga á?

Þátttakendur voru upplýstir um að VMA bjóði upp á ýmsar námsleiðir. Spurt var hvaða námsleið viðkomandi myndi hafa áhuga á. Hlutfallslega flestir höfðu áhuga á styttri námskeiðum tengdum þeirra fagi/starfsgrein eða 49,4% og 18,6% höfðu áhuga á námi til stúdentsþrófs. Þátttakendur hafa síst áhuga á námi til stúdentsþrófs að loknu iðn- eða starfsnámi. Sjá viðauka 1 bls. 16.



Mynd 22. Hvaða námsleið myndir þú hafa áhuga á? Greint eftir kyni, aldri, menntun og atvinnugrein.

3.7. Ýmsar athugasemdir


Þátttakendur voru spurðir hvort það væri eitthvað sem þeir vildu koma á framfæri varðandi nám og námsframboð á Eyjafjarðarsvæðinu. Það voru 258 þátttakendur sem nýttu sér þann möguleika. Sjá nánar svörin eins og þau komu fyrir í viðauka 2 bls. 34-42.

4. KÖNNUN MEÐAL FYRIRTÆKJA – HELSTU NIÐURSTÖÐUR

4.1. Almennar upplýsingar


Spurt var um hvar fyrirtækið væri staðsett, atvinnugrein þess og starfsmannafjölda. Aðeins fengust 67 svör frá fyrirtækjum þannig að erfitt er að greina þau niður eftir þessum spurningum nema með því að fækka flokkum verulega og var það gert.

Allir þátttakendur starfa í fyrirtækjum á Akureyri nema einn auk þess sem þrír svöruðu ekki spurningunni. Sjá viðauka 3 bls. 1. Það er því ekki hægt að greina svör eftir staðsetningu fyrirtækis. Hvað atvinnugrein varðar þá kom þriðjungur svaranna frá fyrirtækjum í verslun og þjónustu og rúmlega fjórðungur úr iðnaði og veitum. Um 8,3% starfa í opinberri þjónustu og var hlutfallið fyrir önnur fyrirtæki á bilinu 0-5%. Auk þess merktifimmtungur þátttakenda við annað. Sjá nánar viðauka 3 á bls. 2. Svör sem voru undir liðnum annað voru færð eftir bestu vitund á rétta staði. Atvinnugrein var flokkuð í fernt; (1) Verslun og þjónusta, (2) iðnaður og veitur, (3) opinber þjónusta, fræðslustarfsemi, menningar og íþróttastarsemi og (4) önnur atvinnugrein.



Mynd 23. Skipting eftir atvinnugreinum.

Starfsmannafjöldi var flokkaður í þrjá hópa; (1) 1-10 manns, (2) 11-50 manns og (3) fleiri en 50 manns. Algengast var að starfsmenn fyrirtækjanna væru tíu eða færri eða í 42,6% tilvika, 18,5% var með starfsmannafjölda á bilinu 11-20 manns og 20,4% á bilinu 21-5 manns. Sjá nánar viðauka 3 bls. 5.



Mynd 24. Flokkaður starfsmannafjöldi fyrirtækja í könnuninni

4.2. Námsframboð á Eyjafjarðarsvæðinu

4.2.1. Hvernig myndir þú meta fjölbreytileika námsframboðs á Eyjafjarðarsvæðinu fyrir þína starfsmenn?

Spurt var um hvernig þátttakendur mætu fjölbreytileika námsframboðs á Eyjafjarðarsvæðinu. Almennt mátu þátttakendur fjölbreytileika námsframboðs á Eyjafjarðarsvæðinu fyrir sína starfsmenn góðan, algengast var að þátttakendur gæfu því einkunnina 8 af 10 mögulegum eða 26,4% og 20,8% gáfu einkunnina 7. Rétt rúmlega fimmtungur svarenda gáfu einkunnina 5 eða lægra. Sjá nánar á bls. 6 í viðauka 3.

Þeir sem töldu fjölbreytileika námsframboðsins á Eyjafjarðarsvæðinu ekki nógu góðan fyrir sitt starfsfólk (5 og lægri einkunn) voru spurðir áfram hvað þeim finndist aðallega vanta. Aðeins 7 þátttakendur svöruðu þeirri spurningu og þar kom fram iðnmenntun, raungreinar á háskólastigi, tölvu- og tæknimenntun, sérhæfni fyrir sjúkraþjálfun og þjálfun og viðurkennda myndlistarkennslu. Sjá svör þeirra eins og þau komu fyrir í viðauka 4 bls. 1.


4.2.2. Hvernig myndir þú telja að námsframboð á Eyjafjarðarsvæðinu komi til móts við þarfir starfsmanna þinna?

Spurt var um hvernig þátttakendur teldu námsframboð á Eyjafjarðarsvæðinu koma til móts við þarfir starfsmanna sinna. Almennt mátu þátttakendur námsframboð á Eyjafjarðarsvæðinu fyrir sína starfsmenn ekki nægilega gott. Það voru 40% sem gáfu einkunnina 5 eða lægra. Hlutfallslega flestir gáfu þó einkunnina 7 eða 32,0%. Sjá nánar á bls. 7 í viðauka 3.


Þeir sem töldu námsframboðið á Eyjafjarðarsvæðinu ekki koma nægilega til móts við þeirra starfsfólk (5 og lægri einkunn) voru spurðir áfram hvað þeim finndist aðallega vanta. Ýmislegt kom þar fram eins og t.d. sérgreinar fyrir iðnaðarmenn sem vilja mennta sig frekar, skilvirkara og nútímalegra nám í iðngreinum og endurmenntun. Einnig voru nefnd ýmis sér námskeið eins og t.d. fagnámskeið rafiðnaðarmanna, sérhæfð námskeið fyrir bifvélavirkja, tölvu- og rafmagnsnámskeið fyrir þá sem sinna bifvélavirkjun og bílasölu námskeið. Sjá má svör þeirra eins og þau komu fyrir í viðauka 4 bls. 1-2.

4.2.3. Hvernig myndir þú meta framboð á starfsnámi, sérþjálfun eða hagnýtum námskeiðum á Eyjafjarðarsvæðinu?


Spurt var um hvernig þátttakendur mætu framboð á starfsnámi, sérþjálfun eða hagnýtum námskeiðum á Eyjafjarðarsvæðinu. Í öllum tilvikum svöruðu hlutfallslega flestir að það væri frekar gott (51-65%). Verst fannst þátttakendum framboð á stuttum hagnýtum námskeiðum á tilteknum sviðum en 29% þátttakenda töldu það vera frekar slæmt. Einnig fannst 16% þátttakenda að framboð á sérþjálfun til tiltekins starfs eða iðngreinar vera frekar slæmt hér á Eyjafjarðarsvæðinu. Sjá nánar viðauka 3 bls. 8.



Mynd 25. Mat á framboði á starfsnámi sem veitir réttindi á vinnumarkaði. Greint eftir atvinnugrein og starfsmannafjölda.



Mynd 26. Mat á framboði á sérþjálfun til tiltekins starfs eða iðngreinar. Greint eftir atvinnugrein og starfsmannafjölda.




Mynd 27. Mat á framboði á stuttum hagnýtum námskeiðum á tilteknum sviðum. Greint eftir starfsgrein og starfsmannafjölda.

4.3. Áhugi fyrirtækja til að hvetja starfsfólk til að sækja nám/námskeið

4.3.1. Myndir þú hvetja þitt starfsfólk til að fara í starfsnám sem veitir réttindi á vinnumarkaði?

Spurt var hvort þátttakendur myndu hvetja sitt starfsfólk til að fara í starfsnám sem veitir réttindi á vinnumarkaði. Langflestir telja að svo sé mjög líklegt, 33% svara því til að það myndur þeir örugglega gera og 55% svara með líklega.. Enginn svaraði örugglega ekki. Sjá nánar viðauka 3 bls. 8.




Mynd 28. Myndir þú hvetja þitt starfsfólk til að fara í starfsnám sem veitir réttindi á vinnumarkaði? Greint eftir atvinnugrein og starfsmannafjölda.

Þeir sem svöruðu því til að þeir myndu líklega ekki hvetja sitt starfsfólk til að fara í starfsnám sem veitir réttindi á vinnumarkaði voru spurðir áfram af hverju ekki. Aðeins einn svaraði þeirri spurningu og taldi hann að sitt fyrirtæki hefði ekki þörf fyrir slíkt. Sjá nánar viðauka 3 bls. 9.

4.3.1. Myndir þú hvetja þitt starfsfólk til að fara í sérþjálfun til tiltekinna starfa eða iðngreinar?

Spurt var hvort þátttakendur myndu hvetja sitt starfsfólk til að fara í sérþjálfun til tiltekinna starfa eða iðngreinar. Langflestir telja að svo sé mjög líklegt, 32% telja að það myndu þeir örugglega gera og 49% svara með líklega. Enginn svaraði örugglega ekki. Sjá nánar viðauka 3 bls. 9.



Mynd 29. Myndir þú hvetja þitt starfsfólk til að fara í sérþjálfun til tiltekinna starfa eða iðngreinar? Greint eftir atvinnugrein og starfsmannafjölda.

Þeir sem svöruðu því til að þeim myndu líklega ekki hvetja sitt starfsfólk til að fara í sérþjálfun til tiltekinna starfa eða iðngreinar voru spurðir áfram af hverju ekki. Aðeins þrír svöruðu þeirri spurningu og töldu tveir þeirra að þeirra fyrirtæki hefði ekki þörf fyrir slíkt og sá þriðji svaraði því til að fyrirtækið væri ekki iðnfyrirtæki.

4.3.1. Myndir þú hvetja þitt starfsfólk til þátttöku í stuttum hagnýtum námskeiðum á tilteknum sviðum?

Spurt var hvort þátttakendur myndu hvetja sitt starfsfólk til þátttöku í stuttum hagnýtum námskeiðum á tilteknum sviðum. Langflestir telja að svo sé afar líklegt, 53% svarar með örugglega og 41% með líklega. Sjá nánar viðauka 3 bls. 10.

5. VIÐAUKAR

Viðauki 1: Töflur og myndir úr könnun meðal almennings

Viðauki 2: Svör við opnum spurningum í könnun meðal almennings



Viðauki 3: Töflur og myndir úr könnun meðal forsvarsmanna fyrirtækja

Viðauki 4: Svör við opnum spurningum í könnun meðal forsvarsmanna fyrirtækja



VIÐAUKI 1: TÖFLUR OG MYNDIR ÚR KÖNNUN MEÐAL ALMENNINGS










1. Kyn:

		Response Percent	Response Count
Karl		31.8%	509
Kona		68.2%	1,090
		answered question	1,599
		skipped question	70








2. Hvaða ár ert þú fædd/ur?

	Response Count
	1,504
	answered question 1,504
	skipped question 165

3. Hvar býrð þú?

		Response Percent	Response Count
Akureyri		73.6%	1,180
Hrísey		0.9%	14
Grímsøy		0.4%	6
Dalvíkurbyggð		11.4%	182
Eyjafjarðarsveit		3.4%	55
Fjallabyggð		6.7%	107
Grýtubakkahreppi		0.9%	15
Hörgársveit		1.4%	22
Svalbarðsstrandarhreppi		1.4%	22
answered question			1,603
skipped question			66

4. Hvaða formlegu menntun hefur þú lokið?

		Response Percent	Response Count
Grunnskólaprófi		32.5%	529
Landsprófi		3.4%	55
Styttra starfsnámi (t.d. sjúkraliða, verslunarpróf, félagsliði, stuðningsfulltrúi, flugfreyja.....)		12.9%	209
Sveinsprófi í iðn		5.5%	90
Iðnmeistaraprófi		4.5%	73
Stúdentsprófi		12.4%	202
Háskólanámi		28.8%	468
answered question			1,626
skipped question			43










5. Staða þín á vinnumarkaði eða utan hans

		Response Percent	Response Count
Í vinnu		74.0%	1,208
Í námi		5.6%	92
Í fæðingarorlofi		1.8%	29
Heimavinnandi		1.3%	21
Öryrki		4.1%	67
Atvinnuleitandi		10.4%	170
Endurhæfingarlífeyrir (sjúkradagpeningar, VIRK)		1.4%	23
Ellilífeyrisþegi		1.4%	23
answered question			1,633
skipped question			36

6. Í hvaða atvinnugrein starfar þú að aðalstarfi?

		Response Percent	Response Count
Landbúnaður		1.7%	22
Fiskveiðar		2.6%	34
Matvælaframleiðsla		6.6%	87
Iðnaður og veitur		8.2%	109
Verslun og þjónusta		12.9%	171
Opinber þjónusta		30.8%	408
Fræðslustarfsemi		15.0%	199
Menningar- og íþróttastarfsemi o.fl.		4.2%	56
Annað		18.0%	238
		hvaða?	338
		answered question	1,324
		skipped question	345



7. Í hvaða atvinnugrein starfaðir þú (að aðalstarfi) síðast þegar þú varst á vinnumarkaði?

		Response Percent	Response Count
Landbúnaður		2.7%	7
Fiskveiðar		5.4%	14
Matvælaframleiðsla		6.9%	18
Iðnaður og veitur		6.9%	18
Verslun og þjónusta		24.2%	63
Opinber þjónusta		20.0%	52
Fræðslustarfsemi		6.2%	16
Menningar- og íþróttastarfsemi o.fl.		1.2%	3
Annað		26.5%	69
		hvaða?	93

answered question 260

skipped question 1,409

8. Atvinnugrein:

		Response Percent	Response Count
Fiskvinnsla		40.0%	44
Önnur matvælaframleiðsla		60.0%	66
		answered question	110
		skipped question	1,559




9. Atvinnugrein:

		Response Percent	Response Count
Bilaviðgerðir og þjónusta við bíla		12.0%	14
Byggingarstarfsemi		32.5%	38
Efnaiðnaður		11.1%	13
Endurvinnsla		1.7%	2
Fataiðnaður		4.3%	5
Málmiðnaður/skipaiðnaður		19.7%	23
Veitustarsemi (hitaveita, rafmagnsveita)		18.8%	22
answered question			117
skipped question			1,552






10. Atvinnugrein:

		Response Percent	Response Count
Fjármálaþjónusta, tryggingar og fasteignasala		12.2%	30
Heildsala og smásala		26.1%	64
Hótel og veitingahús, ferðaþjónusta		21.6%	53
Persónuleg þjónusta (hárskerar, snyrting, líkamsrækt o.þ.h.)		9.0%	22
Samgöngur, flutningastarfsemi, fjarskiptaþjónusta		10.2%	25
Sérfræðiþjónusta og rannsóknir		9.4%	23
Viðgerðir		11.4%	28
answered question			245
skipped question			1,424



11. Atvinnugrein:

		Response Percent	Response Count
Félagsþjónusta		21.8%	102
Heilbrigðisþjónusta		34.3%	160
Önnur opinber þjónusta og stjórnáslá		43.9%	205
answered question			467
skipped question			1,202





12. Atvinnugrein:

		Response Percent	Response Count
Leikskóli		22.2%	51
Grunnskóli		53.0%	122
Framhaldsskóli		11.3%	26
Háskóli		3.5%	8
Fullorðinsfræðsla og önnur fræðsla		10.0%	23
answered question			230
skipped question			1,439












13. Atvinnugrein:

		Response Percent	Response Count
Íþróttastarfsemi		35.0%	21
Menningarstarfsemi		65.0%	39
answered question			60
skipped question			1,609

14. Hversu miklum tíma hefur þú varið í sí- og endurmenntun á síðastliðnum tveimur árum (með símenntun er átt við námskeið, umbótastarf, vettvangsferðir, rannsóknir, handleiðslu, starfsþjálfun, leshring, erindi/kennslu, fræðslufundi eða formlegt nám)

		Response Percent	Response Count
Ég hef ekki varið tíma í sí- og endurmenntun á síðastliðnum 2 árum		33.4%	527
Ég hef sótt sí- og endurmenntun í 1-4 klst. á síðastliðnum 2 árum		8.2%	130
Ég hef sótt sí- og endurmenntun í 5-19 klst. á síðastliðnum 2 árum		18.4%	290
Ég hef sótt sí- og endurmenntun í 20 klst. eða meira á síðastliðnum 2 árum		39.9%	629
		answered question	1,576
		skipped question	93

15. Hvað kemur helst í veg fyrir að þú sinnir sí- og endurmenntun? Vinsamlegast merkið við allt sem á við.

		Response Percent	Response Count
Ég er ekki á vinnumarkaði		15.1%	95
Ég hef ekki áhuga á því		9.2%	58
Ekkert í boði sem ég hef áhuga á á svæðinu		27.8%	175
Ég hef ekki tíma til að sækja slík námskeið		24.8%	156
Ég hef ekki efni á að greiða fyrir slík námskeið		29.0%	183
Ég hef slæma reynslu af skólagöngu og hef því ekki áhuga á frekara námi		5.4%	34
Það skilar sér ekki í hærri launum		21.1%	133
Ég hef ekki heilsu til þess		5.2%	33
Fjölskylduaðstæður		6.2%	39
Vinnuveitandinn minn		2.5%	16
Annað		13.2%	83
		Hvað annað?	87
		answered question	630
		skipped question	1,039











16. Á kvarðanum 1 - 10 hvernig myndir þú meta fjölbreytileika námsframboðs á Eyjafjarðarsvæðinu? (einn þýðir mjög lítill og 10 mjög mikill)

		Response Percent	Response Count
1		1.5%	22
2		1.3%	20
3		3.6%	54
4		6.0%	89
5		16.0%	239
6		11.1%	165
7		22.3%	333
8		27.4%	408
9		5.6%	83
10		5.2%	78
answered question			1,491
skipped question			178

17. Hvað finnst þér aðallega vanta í tengslum við námsframboð hér á Eyjafjarðarsvæðinu?

	Response Count
	220
answered question	220
skipped question	1,449

18. Á kvarðanum 1 - 10 hversu vel eða illa telur þú að námsframboð á Eyjafjarðarsvæðinu komi til móts við þarfir þínar? (1 þýðir mjög illa og 10 þýðir mjög vel)

		Response Percent	Response Count
1		4.3%	59
2		4.7%	65
3		8.0%	110
4		8.7%	120
5		21.7%	298
6		12.5%	171
7		17.2%	236
8		15.2%	209
9		4.1%	56
10		3.6%	49
answered question			1,373
skipped question			296

19. Hvað finnst þér aðallega vanta upp á námsframboðið sem þú þarft á að halda?

	Response Count
	244
answered question	244
skipped question	1,425

20. Ef í boði væri nám/námskeið eða önnur þjálfun hér á Eyjafjarðarsvæðinu sem gæfi þér möguleika á að skipta um starf eða að komast aftur á vinnumarkaðinn, hefðir þú áhuga á því að nýta þér það?

		Response Percent	Response Count
Já		51.8%	777
Nei		17.4%	261
Á ekki við		30.8%	463
answered question			1,501
skipped question			168

21. Hvernig námi myndir þú helst hafa áhuga á?

		Response Percent	Response Count
Nám/námskeið sem miðar að tilteknu starfssviði eða iðn		35.2%	421
Starfsnám sem veitir réttindi á vinnumarkaði á viðkomandi starfssviði		22.8%	273
Sérþjálfun til tiltekinna starfa eða iðnar		19.0%	227
Stutt hagnýtt námskeið sem miðar að kynningu á vinnumarkaðinum		6.8%	81
Stutt hagnýtt námskeið sem miðar að undirbúningi undir frekara starfsnám		9.1%	109
Annarskonar námsfyrirkomulag		7.0%	84
Vinsamlegast tilgreindu hvaða?			134
answered question			1,195
skipped question			474

22. Hvaða nám/námskeið eða aðra þjálfun ert þú með í huga?

	Response Count
	594
answered question	594
skipped question	1,075

23. Hvaða námsfyrirkomulag myndir þú vilja sjá? (velja má fleiri en einn möguleika)

	Response Percent	Response Count
Nám í kennslustofu	26.7%	347
Bóknám	12.8%	167
Fyrirlestrar	29.5%	383
Vinnustaðanám	23.4%	304
Verkleg kennsla	42.8%	557
Fjarnám	28.5%	370
Lotunám	25.3%	329
Kvöld og helgarnámskeið	33.2%	432
answered question		1,300
skipped question		369

24. Hefur þú sótt nám eða námskeið hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar?

	Response Percent	Response Count
Já	58.0%	841
Nei	42.0%	608
answered question		1,449
skipped question		220



25. Á kvarðanum 1 - 10 hvernig líkaði þér það nám eða námskeið? (1 þýðir mjög illa og 10 mjög vel)

		Response Percent	Response Count
1		0.8%	7
2		0.7%	6
3		0.7%	6
4		1.1%	9
5		5.9%	49
6		6.1%	51
7		14.3%	119
8		30.6%	254
9		22.4%	186
10		17.2%	143
answered question			830
skipped question			839











26. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar býður upp á nám í eftirtöldum flokkum. Myndir þú hafa áhuga á að sækja námskeið í einhverjum þessum flokkum? Velja má fleiri en einn flokk.

		Response Percent	Response Count
Tungumál		48.5%	615
Tölvur		51.6%	654
Persónuhæfni		36.5%	463
Tómstundanámskeið		37.5%	475
Almenn þekking		28.5%	362
answered question			1,268
skipped question			401






27. Hefur þú stundað nám eða námskeið við Verkmenntaskólann á Akureyri?

		Response Percent	Response Count
Já		47.7%	685
Nei		52.3%	751
answered question			1,436
skipped question			233

28. Á kvarðanum 1 - 10 hvernig líkaði þér það nám eða námskeið? (1 þýðir mjög illa og 10 mjög vel)

		Response Percent	Response Count
1		1.0%	6
2		1.0%	6
3		1.9%	11
4		2.4%	14
5		8.7%	51
6		10.8%	63
7		17.6%	103
8		29.5%	173
9		17.6%	103
10		9.6%	56
answered question			586
skipped question			1,083

29. VMA býður upp á ýmsar námsleiðir. Hvaða námsleið myndir þú hafa áhuga á?

		Response Percent	Response Count
nám til stúdentsprófs		18.6%	162
nám til stúdentsprófs að loknu iðn- eða starfsnámi		6.9%	60
iðn- eða tækninám með sveinsprófsréttindum		12.3%	107
starfsréttindanám (t.d. sjúkraliðanám, matartæknir)		12.9%	112
stutt námsskeið tengt minni fag- /starfsgrein		49.4%	430
answered question			871
skipped question			798

30. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi nám og námsframboð á Eyjafjarðarsvæðinu?

	Response Count
	258
answered question	258
skipped question	1,411

VIÐAUKI 2: SVÖR VIÐ OPNUM SPURNINGUM Í KÖNNUN MEÐAL ALMENNINGS

Hvað kemur helst í veg fyrir að þú sinnir sí- og endurmenntun, annað hvað?

- Ég er á næturvöktum
- ég er háskólanemi
- Ég er nýkominn úr námi og hef því ekki talið þörf á því enn sem komið er.
- Ég er nýlega orðin atvinnulaus, hef ekki haft tíma hingað til
- Ég er ráðin tímabundið
- ég hef bara ekki verið að hugsa neitt um þetta
- Ég hef ekki haft tíma.
- Ég hef ekki heyrt um svona og veit ekki hvernig ég leitast eftir þessu.
- flest sem ég hef áhuga á er kennt fyrir sunnan !!
- framtaksleysi
- hef alltaf verið of sein að taka við mér
- Hef áhuga en ekki gefið mér eftir lausan tíma, því miður
- Hef bara ekkert spáð í því.
- Hef ekki efni á að fara
- Hef ekki kynnt mer það nógu vel
- hef frekar sótt námskeið/þjálfun á vegum vinnuveitanda eða erlendis
- Hef kynnt mér ýmislegt sem hjálpar við starfið í gegnum tíðina en ekki síðustu 2 ár.
- Hef nýlega lokið námi. Hefu ekki haft áhuga á því sem er í boði og finnst það ekki nýtast mér í starfi.
- Hef nýlokið námi svo ég tel ekki þörf á því strax
- Hef nýlokið námi.
- Hef sinnt slíku,ekki síðustu 2 ár, það sem ég hef áhuga á er á óheppilegum tíma vegna vinnu.
- Hef takmarkaðan áhuga fyrir því, vantar kannski áræðni og það að koma mér af stað.
- Hef verið í skóla
- Hefur ekki dottið það í hug
- Hingað til hefur ekki verið neytt í boði sem tengist mínu starfi
- ja það er góð spurning
- Kláraði nám vorið 2011 og finnst það nóg í bili
- langar en veit ekki allveg hvað
- Lesblinda
- Leti
- léleg skólaganga hef ekki trú á að ég geti lært nokkuð
- lítið í boði hér á svæðinu sem hentar
- lítið í boði í mínum geira..
- Mannekla á vinnustað
- Námskeið sem ég hef sóttu hafa verið felld niður vegna ónógrar þátttöku.

- Námskeið til viðhalds og aukningu á réttindum t.a.m skipstjórn er ekki í boði, hér á Akureyri. Fór 3 ferðir til Rvík. síðastaa sumar á slík námskeið.
- Ný búin að ljúka stúdentsnámi
- styttist í að ég ljúki störfum á vinnumarkaði, hef tekið allskonar námskeið, bæði vinnutengd og frítímatengd á undanförunum árum og áratugum
- Tel mig ekki þurfa þess. Var í kúrs í 1,5 ár hjá HA: 2005-2006
- Útskrifaðist úr menntaskóla í vor svo ég hef ekki enn þurft að nýta mér slíkt
- vaktavinna
- Vaktavinna.
- vann við annað starf tímabundið og var svo í fæðingarorlofi
- var í námi, hef einungis verið á vinnumarkaði í 9 mánuði
- var í skóla
- var sagt upp af opinberum aðila.
- Vegna vinnu á sjó
- vinn og hanna sjálfstætt
- vinnutími
- það er ekki nægt framboð á endurmenntun og það sem er í boði er oft bundið við ákveðin tíma
- það sem hefur vakið áhuga hefur verið á óhentugum tíma
- Þar sem ég bý í Hrísey er ekki boðið upp á sí og endurmenntun og vegna lesblindu treisti ég mér ekki í fjarnám. Fyrir nokkurum árum sótti ég 10 klst enskunámskeið hjá Símei og var heildartímin með ferðum hjá mér um 100 klukkustundir, námskeiðið var svo illa tímasett gagnvart ferjuferðum til og frá Hrísey.
- þarf að sækja um leyfi, og fæ lítinn áhuga.
- Þess er ekki krafist af mér sem hlutastarfsmanni

Hvaða námsframboð finnst þér aðallega vanta á Eyjafjarðarsvæðinu?

- Að hafa tíma og tók á að sækja námskeiðin
- Að hægt sé að klára nám án þess að fara suður.
- Aðallega eitthvað í sambandi við tækninám/tölvunám eins og er í boði í HR/HÍ t.d.
- Aðgangur að fyrirlesturum og ráðstefnum utan formlegs náms
- allt námið miðast við kellingar sem vilja læta exel. Vantar meiri matvælavinnslu. Niðurslagningu eða fjölbreytta, háþróaða vinnslu. Atvinnuþróun hér er verður aldrei góð sé kínverskir rugludallar að dreyma um gólfvelli á fjöllum. Eyjafjörður var þekkt martvæla hérað. Í dag er ekki hægt að sjá neinn í stjórn Akureyrar sem hefur hundsvit í því að Eyjafjörður er og verður þekkt fyrir mat. Ekkert framboð er á fiski. ekki ein fiskbúð á Akureyri. Vestast í vesturbænum er þó nokkrar og á Ísafirði líka.
- auglýsingar á vinnustöðum
- Aukna hjálp fyrir þá sem þurfa að klára stúdentinn en geta það ekki á daginn. T.d. kvöldskóla í ýmsum áföngum fyrir stúdentsþröfið.
- Bara sýnileka. Auglýsa betur og hafa eitthvað sem er spennandi.

- Betra flæði í menntuninni þ. e.að maður þurfi ekki að hætta að vinna til að hækka menntunarstig sitt t.d. tengja sjúkraliðann flæðandi inn í hjúkrun sem sagt gæti tekið lengri tíma og verið á vinnumarkaði á meðan náminu stendur.
- Byggingaiðnaður.
- cross disciplinary nálgun
- Dagsnámskeið í H.A.
- e-ð sem tengist menningarmálum e-ð sem tengist andlegum málum
- Eg veit það ekki. Hef ekki sótt mér endurmenntun á svæðinu heldur utan þess
- Eitthvað sem nýtist betur
- eitthvað sem snýr beint að starfinu.
- ekkert sérstakt
- endurmenntun samberanlegt við EHÍ, til dæmis námskeið á sviðinu ráðgjöf, sálfræði, mannlegum samskiptum
- Endurmenntun sem hæfir mínu sérsviði;-) Nóg framboð á suðvesturhorninu en lengra út á land nær það ekki.
- endurmenntun sérgreina
- Endurmenntun varðandi tækni-, byggingar-fræði
- er ekki viss
- Ég flutti suður fyrir meira námsframboð. Þá er ég að tala um í margmiðlun og grafík
- Fannst fjölbreytileiki á námskeiðum minnka talsvert um 2008 sem koma norður, hef sótt flest námskeiðin suður núna nýverið. Það sem kemur er gott enn finnst vanta meira val.
- Ferðabjónustu
- finnst eins og allar svona iðngreinar séu fyrir sunnan og það hafa ekki allir tökk á því að flytja suður. Finnst vanta meira úrval á þessum greinum hér. Vantar líka meiri úræði fyrir fólk sem á erfit að læra stærfræði/ með talna bilindu.
- fjarkennslu við sérfræðinámskeið frá höfuðborgarsvæði eða erlendis frá
- fjarnám í svoem tölvunarfræði og fleira bóklegt á netinu fyrir lesblinda því lesblindir get stækkað textan í tölvunni g latið hana lesa upp textan .. ég er lesblindur og mer finnst þetta vanta allveg
- Fjármálatengd námskeið
- fjölbreytni
- Fjölbreytni og sveigjanleika á tíma
- Fjölbreytileika
- Fjölbreytileiki
- Fjölbreytini í kennurum og fyrirlesurum. Eyþór hjá þekkingarmiðlun er ofnotaður.
- fjölbreytni
- Fjölbreytni
- Fjölbreytni
- Fjölbreytni Allt og oft falla viðburðir niður vegna lélegra þátttöku
- Fjölbreytni í mastersnámi
- Fjölbreyttari menntun á háskólastigi svo að allt ungt fólk í akveðnum geirum fari ekki suður. Margar brautir í framhaldsskólum á svæðinu leiða beint í menntun í Reykjavík

- Fjölbreyttari námskeið í tengslum við skóla. Vantar fleiri utanaðkomandi með efni þar sem kennarar við HA hafa verið lengi með sömu erindin.
- Fjölbreyttari námskeið í textíl og myndlist
- Fleiri brautir
- Fleiri námskeið í boði
- Fleiri námskeið sem nýtast mér í starfi og tengjast minni menntun
- fleiri námskeið, og að það sé smá hægt að velja tímann, á skrifstofu tíma eða eftir skrifstofu tíma.
- Framhaldsnám á háskólastigi
- Færri tímar í kennslu í einu. Leiklistarnám fullorðins. Símei bíður upp á frábæra kennslu en of mikið stundum í einu, fyrir þá sem að geta t.d ekki setið nema 2 tíma - 3 á dag...
- Get ekki svarað, veit ekki.
- Gott Tannlækna Nám
